

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-237/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Tildra - Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Tildru í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skipta jörðinni upp í sjö lóðir. Þrjár lóðir fyrir landbúnað og fjórar lóðir fyrir frístundahús. Aðkoma að svæðinu er frá Gaulverjabæjarvegi nr. 33.

Þjórsárhraun

Í greinargerð kemur fram að svæðið fellur undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd þar sem lóðin liggur á Þjórsárhrauni sem er forsögulegt hraun. Eldhraunið er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri á svæðinu og er ekki lengur hægt að greina á yfirborði hvort um hraun sé að ræða. Hraunið hefur því tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur því ekki sérstakrar verndar á þessu tiltekna svæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ef á skipulagssvæðinu sé sjáanlegar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar er mikilvægt að vernda þær.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur